



Reykjavík, 27. ágúst 2020
R20050097
óm

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Fristundir í Breiðholti - tilraunaverkefni 2020-2023

Á fundi borgarráðs þann 27. ágúst 2020 var tillaga borgarstjóra, dags. 25. ágúst 2020, varðandi þriggja ára tilraunaverkefni um fristundir í Breiðholti, ásamt fylgiskjölum, samþykkt.

Það tilkynnist hér með.
Greinargerð fylgdi tillögunni.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Tilgangur þessa tilraunaverkefnis sem er til næstu þriggja ára gengur út á að auka notkun fristundakortsins í Breiðholti þar sem hún er minni en í öðrum hverfum borgarinnar. Markmið verkefnisins er að auka nýtingu fristundakortsins og þátttökuhlutfall barna í íþróttar- og fristundastarfi í Breiðholti til jafns við meðaltal í Reykjavík. Að auðvelda samfélagslega þátttöku, íslenskunám og félagslega aðlögun barna með mismunandi bakgrunn að íslensku samfélagi. Þetta verði gert með því að hækka hvert kort í Breiðholti úr 50.000 í 80.000. Hægt verði að prófa margar mismunandi íþróttagreinar, ókeypis verði í fristundarútuna, að öflug kynning verði á valmöguleikum fristunda ásamt fjölda annarra aðgerða.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins hefur barist lengi fyrir að fristundakortið verði notað samkvæmt sínu upphaflega tilgangi en ekki til að greiða með fristundaheimili eða setja upp í skuld foreldra sem þarfnað fjárhagsaðstoðar fyrir börn sín. Þessi og síðasti meirihluti hafa gengisfellt fristundakortið og höfðu þar með af fátækum börnum tækifæri til að velja sér tómstund og námskeið. Þess utan voru skilyrði fyrir að nota kortið óraunhæf fyrir mörg börn og foreldra. Námskeið þurfti að vera heilar 10 vikur til að hægt væri að nota kortið. Ekki allir foreldrar hafa ráð á að greiða mismuninn.

Nánast öllum tillögum Flokks fólksins um lagfæringar var hafnað. Settur var á laggirnar stýrihópur til að endurskoða reglur um frístundakortið en sá hópur hefur enn ekki skilað niðurstöðum. Nú fyrst á að gera bragarbót og er lagt til að sett verði á laggirnar verkefnið „Frístundir í Breiðholti“ sem þriggja ára tilraunaverkefna. Eins og marg sinnis kom fram í tillögum Flokks fólksins er þátttaka í íþrótt- og frístundastarfí og nýting frístundakorts í hverfi 111 í Breiðholti lægri en í öðrum hverfum. Flokkur fólksins barðist í á annað ár fyrir jafna þennan mun því að í þessu hverfi búa flest börn af erlendum uppruna og börn sem búa við fátækt.



Helga Björk Laxdal
e.u.

Afrít:

Íþrótt- og tómstundasvið
Skóla- og frístundasvið

Hjálagt:

Tillaga borgarstjóra um Frístundir í Breiðholti, dags. 25. ágúst 2020



Borgarráð

Frístundir í Breiðholti - Priggja ára tilraunaverkefni (2020-2023)

Lagt er til að borgarráð samþykki verkefnið „Frístundir í Breiðholti“ sem þriggja ára tilraunaverkefni. Verkefninu verði vísað til meðferðar þjónustumiðstöðvar Breiðholts sem útfæri það nánar í samráði við íþrótt- og tómstundasvið, skóla- og frístundasvið, Íþróttabandalag Reykjavíkur og íþrótt- og frístundaaðila í Breiðholti. Við útfærslu verkefnisins fari fram skilgreining á grunnstöðu þess og mælikvörðum á grunni markmiða verkefnisins. Að tilraunaverkefninu loknu verði niðurstöður og áhrif þess rýndar og framhald verkefnisins metið í ljósi þess.

Þátttaka í íþrótt- og frístundastarfí og nýting frístundakorts í Breiðholti er lægri en í öðrum hverfum. Sérstök ástæða er til að huga að þáttöku og félagslegrí aðlögun barna í hverfinu af erlendum uppruna og barna sem búa við fátækt. Vegna þessara aðstæðna hafa eftirtalin markmið verið sett fyrir verkefnið:

- Að auka þáttökuhlutfall barna í íþrótt- og frístundastarfí í Breiðholti til jafns við meðaltal í Reykjavík.
- Að auka nýtingu frístundakortsins í Breiðholti til jafns við meðaltal í Reykjavík.
- Að auðvelda samfélagslega þáttöku, íslenskunám og félagslega aðlögun barna með mismunandi bakgrunn að íslensku samfélagi.

Verkefninu verður stýrt frá Þjónustumiðstöð Breiðholts og fellur undir Heilsueflandi samfélag/Heilsueflandi Breiðholt. Meginaðgerðir þess eru eftirfarandi:

1. Frístundakortið nægi fyrir þáttöku í öllu íþrótt- og frístundastarfí í 1.-2. bekk

Allt íþrótt- og frístundastarf í Breiðholti fyrir börn í 1.-2. bekk grunnskóla verði í boði allt árið gegn frístundakortsframlagi borgarinnar sem er kr. 50.000 (árið 2020). Auk þess greiði Reykjavíkurborg kr. 30.000 með hverju barni þannig að framlag með hverju þeirra verði 80.000 kr. árin 2021 og 2022. Verkefnið hefst að hausti 2020 og því verði aukaframlagið fyrir það ár kr. 15.000 á hvert barn til að greiða fyrir þáttöku í verkefninu.

2. Börn í 1.-2. bekk geti prófað og fært sig á milli íþrótt- og frístundakosta án aukagjalds

Börnum á þessum aldri standi til boða að stunda, færa sig á milli og reyna sig í mörgum íþrótt- og frístundakostum gegn einu gjaldi á þessu tveggja ára tímabili. Valmöguleikarnir gætu t.d. verið knattspyrna, handknattleikur, körfuknattleikur, frjálsíþróttir, sund, keila, karate, skíði, júdó, taekwondo, fimleikar, hjóreiðar, klifur, skátastarf, skák, dans, ballett og tónlistarnám.

3. Íþróttir og frístundir verði í boði fyrir 1.-2. bekk frá 14:00-18:00

Íþróttir og frístundir fyrir þennan aldurshóp standi til boða eftir skólalok frá kl. 14:00-18:00 á virkum dögum.

4. Frístundarúta án endurgjalds á milli 14:00-18:00

Gjaldfrí frístundarúta með leiðsögumanni þjónusti börnin á tímabilinu 14:00-18:00 alla virka daga til að auðvelda þeim að komast á milli skóla, íþróttæfinga, frístunda og heimilis.

5. Öflug kynning á íþrótt- og frístundastarfí í öllum kimum samfélagsins

Kynning á íþrótt- og frístundastarfí verður sameiginlegt verkefni Þjónustumiðstöðvar Breiðholts, grunnskólanna, íþrótt- og frístundaaðila í náinni samvinnu við samtök íbúa af erlendum uppruna. Sjá nánar í meðfylgjandi greinargerð.

6. Íslenskunám, félagsleg virkjun og samfélagsleg aðlögun í íþrótt- og frístundastarfí

Sérstök áhersla verði lögð á að í íþrótt- og frístundastarfín fari fram markviss örvun og kennsla í íslensku og félagslegum tengslum með það að markmiði að auðvelda þáttakendum félagslega aðlögun að íslensku samfélagi.

7. Viðtæk samvinna um að efla og auðvelda þátttöku barna í íþrótt- og frístundastarfí

Þjónustumiðstöð Breiðholts, grunnskólar, íþrótt- og frístundaðilar og foreldrar vinni markvisst að því að auðvelda íþrótt- og frístundaþátttöku allra barna í Breiðholti óháð bakgrunni og efnahag.

8. Styrktarsjóður til eflingar íþrótt- og frístundaþátttöku

Sérstakur sjóður verður stofnaður til að greiða íþrótt- og frístundaaðilum fyrir umframkostnað vegna þátttöku í verkefninu og foreldrum þáttakenda til að standa straum að auka kostnaði s.s. vegna þátttöku í viðburðum, kaupa eða leigu á búnaði.

9. Íþróttaverkefni leikskólanna

Íþróttaverkefni leikskólanna fyrir elsta árgang leikskólabarna sem var starfrækt árið 2019 í öllum leikskólum Breiðholts og gaf góða raun verði starfrækt áfram á tíma tilraunaverkefnisins.

Fjármögnun:

Þátttaka í íþrótt- og frístundastarfí og nýting frístundakorts í Breiðholti er lægri en í öðrum hverfum borgarinnar. Í ljósi þess er lagt til að fjármagni verði úthlutað til Þjónustumiðstöðvar Breiðholts til að auka þátttöku með því greiða niður íþrótt- og frístundastarfsemi í hverfinu þar sem þörfin er mest.

1) Miðað er við að upphæð sem nemur frístundakortinu nægi foreldrum til að greiða fyrir þátttöku barna í 1.-2. bekk í verkefninu í Breiðholti á haust og vorönn. Framlag með hverju barni í (tvær annir) verði því kr. 80.000 sem skiptist svo á milli þeirra íþrótt- og frístundaaðila sem þjónusta barnið. Skipulag þáttökuskráninga í verkefnið verður unnið í samráði við samstarfsaðila (íþrótt- og frístundaðila) en Þjónustumiðstöð Breiðholts hefur umsjón og eftirlit með skráningum auk útdelingar aukaframlags.

2) Lýðheilsusjóður hefur þegar afgreitt styrkbeiðni kr. 1.000.000 til verkefnisins (þjónustumiðstöð Breiðholts – kostnaðarstaður R3400)

3) Sótt verður um styrki til verkefnisins hjá sjóðum og opinberum aðilum hér á landi sem erlendis.

Fjárhagsáætlun 2020:

Gjöld:

Þjálfun/menntun leiðbeinenda	1.000.000
Íþrótt- og frístundastarf 1.-2. bekk/aukafram.	9.000.000
Íþrótt- og frístundatenglar grunnskólanna	2.500.000
Íþrótt- og frístundarútan	1.250.000
Íþróttaverkefni leikskólanna	1.050.000
Sjóður fyrir efnaminni fjölskyldur	1.000.000
Styrktarsjóður sjálfboðaliðafélaga	2.500.000
Kynningarmál	2.000.000
<u>Ýmislegt</u>	<u>1.000.000</u>
Samtals	21.300.000

Tekjur:

Fjárveiting borgarsjóðs	20.300.000
Lýðheilsusjóður styrkur	1.000.000
Samtals	21.300.000-

Fjárhagsáætlun 2021

Gjöld:

Þjálfun/menntun leiðbeinenda	2.000.000
Íþrótt- og frístundastarf 1.-2. bekk/aukafram.	18.000.000
Íþrótt- og frístundatenglar grunnskólanna	5.000.000
Íþrótt- og frístundarútan	2.500.000
Íþróttaverkefni leikskólanna	2.100.000
Sjóður fyrir efnaminni fjölskyldur	1.000.000
Styrktasjóður sjálfboðaliðafélaga	5.000.000
Kynningarmál	2.000.000
<u>Ýmislegt</u>	<u>1.000.000</u>
Samtals	38.600.000

Tekjur:

Fjárveiting borgarsjóðs	37.600.000
Lýðheilsusjóður styrkur	1.000.000
Samtals	38.600.000-

Lagt er til að fjármála- og áhættustýringarsviði verði falið að útfæra viðauka við fjárhagsáætlun 2020 í samræmi við tillöguna til framlagningar í borgarráði. Kostnaði vegna áranna 2021-2023 verði vísað til fjárhagsáætlunargerðar.

Nánari upplýsingar um verkefnið, aðgerðir fyrir aðra aldurshópa og endurmat og rannsóknir er að finna í meðfylgjandi greinargerð.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Greinargerð um tilraunaverkefnið Frístundir í Breiðholti.

Afrit:

Velferðarsvið.

Fjármála- og áhættustýringasvið.

Frístundir í Breiðholti

þriggja ára tilraunaverkefni (2020-2023)

Greinargerð

Inngangur:

Með framkvæmd verkefnisins stendur til að efla heilbrigði, íþróttá- og frístundabáttöku, nýtingu frístundakortsins, félagsleg tengsl, samfélagslega aðlögun og íslenskukunnáttu íbúa í Breiðholti með sérstaka áherslu á íbúa með fjölbreyttan bakgrunn. Verkefnið byggir á reynslu, hugmyndum og aðferðum fjölda verkefna og rannsókna sem hafa verið notaðar á vegum borgarinnar á undanförnum árum s.s. TUFF, Jói og Baunagrasíð, Velkomin í hverfið þitt auk rannsókna á borð við „Innan vallar sem utan“, tölulegum upplýsingum um nýtingu frístundakortsins og rannsókn á íþróttabáttöku í Breiðholti 2017. Einnig er haft til hliðsjónar vel heppnað íþróttaverkefni á vegum ÍR „ÍR-ungar“.

Lögð verður áhersla á að efla starfsemi félaga og stofnana sem fyrir eru í hverfinu með það í huga að gera þeim kleift að takast á við nýjar áskoranir í síbreytilegu samfélagi. Lagt er til að fjármagn sem nú kemur ekki inn í hverfið vegna lægri nýtingar frístundakortsins í Breiðholti samanborið við önnur hverfi borgarinnar verði úthlutað til Þjónustumiðstöðvar Breiðholts og nýtt til að greiða niður íþróttá- og frístundastarfsemi í hverfinu þar sem þörfin er mest. Vegna sérstakra aðstæðna í Breiðholti þar sem bakgrunnur íbúanna er mjög fjölbreyttur leggi borgarsjóður til sérstakt fjármagn til að framkvæma einstaka hluta verkefnisins í Breiðholti. Gert er ráð fyrir að beinn kostnaður við verkefnið verði rúmar 21 milljónir árið 2020 og 38,6 milljónir á hvoru ári 2021 og 2022 og um 25 milljónir árið 2023. Sjá nánar í fjárhagsáætlun.

Þó verkefnið nái til allra aldurshópa barna verður lögð megin áhersla á að virkja börn í 1.-2. bekk grunnskóla til þáttöku í íþróttá- og frístundastarfi. Með því að auðvelda börnum í upphafi skólagöngu þáttöku í íþróttá- og frístundastarfi aukast líkur á að þau myndi félagslega tengsl sem síðan auka líkur á áframhaldandi þáttöku og þar með aðlögun og virkni í samfélaginu öllum til heilla.

Fyrsti áfangi verkefnisins hefst haustið 2020 og er þriggja ára tilraunaverkefni til hausts 2023. Öllum íþróttá- og frístundaðilum með starfsemi í hverfinu verður boðið til þáttöku í verkefninu og nánari útfærsla þess unnin í samráði við þáttökuaðilana. Leitað hefur verið eftir samstarfi við fræðimenn í háskólasamfélaginu og hjá Reykjavíkurborg um rannsóknir á upphafsstöðu og til að mæla árangur og aðra þætti starfsins til langs tíma. Með nýju skipulagi á Þjónustumiðstöð Breiðholts verður samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundaaðila í hverfinu stóreflt. Lögð verður áhersla á regluleg og aukin samskipti starfsfólks þjónustumiðstöðvar, leikskóla, skóla, frístundamiðstöðva og íþróttá- og frístundaðila í hverfinu.

Verkefnið fellur undir Heilsueflandi Breiðholt/Heilsueflandi samfélag. Þjónustumiðstöð Breiðholts hefur umsjón með verkefninu og stýrir því fyrir hönd Reykjavíkurborgar.

Markmið:

Að auka þáttökuhlutfall barna í íþróttá- og frístundastarfi í Breiðholti til jafns við meðaltal í Reykjavík.

Að auka nýtingu frístundkortsins í Breiðholti til jafns við meðaltal í Reykjavík.
Að auðvelda samfélagslega þátttöku, íslenskunám og félagslega aðlögun barna með mismunandi
bakgrunn að íslensku samfélagi

Meginaðgerðir:

1. Frístundakortið nægi fyrir þátttöku í öllu íþróttu- og frístundastarfi í 1.-2. bekk

Allt íþróttu- og frístundastarf í Breiðholti fyrir börn í 1.-2. bekk grunnskóla verði í boði allt árið gegn frístundakortsframlagi borgarinnar sem er kr. 50.000 (árið 2020). Auk þess greiði Reykjavíkurborg kr. 30.000 með hverju barni þannig að framlag með hverju þeirra verði 80.000 kr. árin 2021 og 2022. Verkefnið hefst að hausti 2020 og því verði aukaframlagið fyrir það ár kr. 15.000 á hvert barn til að greiða fyrir þátttöku í verkefninu.

2. Börn í 1.-2. bekk geti prófað og fært sig á milli íþróttu- og frístundakosta án aukagjalds

Börnum á þessum aldri standi til boða að stunda, færa sig á milli og reyna sig í mörgum íþróttu- og frístundakostum gegn einu gjaldi á þessu tveggja ára tímabili. Valmöguleikarnir gætu t.d. verið knattspyrna, handknattleikur, körfuknattleikur, frjálsíþróttir, sund, keila, karate, skíði, júdó, taekwondo, fimleikar, hjóreiðar, klifur, skátastarf, skák, dans, ballett og tónlistarnám.

3. Íþróttir og frístundir verði í boði fyrir 1.-2. bekk frá 14:00-18:00

Íþróttir og frístundir fyrir þennan aldurshóp standi til boða eftir skólalok frá kl. 14:00-18:00 á virkum dögum.

4. Frístundarúta án endurgjalds á milli 14:00-18:00

Gjaldfrí frístundarúta með leiðsögumanni þjónustu børnin á tímabilinu 14:00-18:00 alla virka daga til að auðvelda þeim að komast á milli skóla, íþróttæfinga, frístunda og heimilis.

5. Öflug kynning á íþróttu- og frístundastarfi í öllum kimum samfélagsins

Kynning á íþróttu- og frístundastarfi verður sameiginlegt verkefni Þjónustumiðstöðvar Breiðholts, grunnskólanna, íþróttu- og frístundaaðila í náinni samvinnu við samtök íbúa af erlendum uppruna. Sjá nánar í meðfylgjandi greinargerð.

6. Íslenskunám, félagsleg virkjun og samfélagsleg aðlögun í íþróttu- og frístundastarfi

Sérstök áhersla verði lögð á að í íþróttu- og frístundastarfinu fari fram markviss örvun og kennsla í íslensku og félagslegum tengslum með það að markmiði að auðvelda þátttakendum félagslega aðlögun að íslensku samfélagi.

7. Viðtæk samvinna um að efla og auðvelda þátttöku barna í íþróttu- og frístundastarfi

Þjónustumiðstöð Breiðholts, grunnskólar, íþróttu- og frístundaðilar og foreldrar vinni markvisst að því að auðvelda íþróttu- og frístundabátttöku allra barna í Breiðholti óháð bakgrunni og efnahag.

8. Styrktarsjóður til eflingar íþróttu- og frístundaþátttöku

Sérstakur sjóður verður stofnaður til að greiða íþróttu- og frístundaaðilum fyrir umframkostnað vegna þátttöku í verkefninu og foreldrum þátttakenda til að standa straum að auka kostnaði s.s. vegna þátttöku í viðburðum, kaupa eða leigu á búnaði. Sjóðurinn verði

m.a. fjármagnaður með viðbótar fjármunum frá Reykjavíkurborg til að vega upp á móti fjármunum sem ekki koma inn í hverfið vegna lágrar nýtingar frístundakortsins.

9. Íþróttaverkefni leikskólanna

Íþróttaverkefni leikskólanna fyrir elsta árgang leikskólabarna sem var starfrækt árið 2019 í öllum leikskólum Breiðholts og gaf góða raun verði starfrækt áfram á tíma tilraunaverkefnisins.

Aðrar aðgerðir vegna ákveðinna aldurshópa:

Leikskólaaldur:

Aðrar aðgerðir (leikskólaaldur):

- 1) Öll starfsemi leikskólanna verði nýtt til tengslamyndunar og málþroska barnanna.
- 2) Daglegar hreyfistundir hjá öllum börnum leikskólanna með áherslu á félagsleg tengsl og íslensku.
- 3) Íþróttá- og frístundaverkefni sem hafa gefið góða raun á undanförrnum árum verði efld s.s.
Íþróttaverkefni leikskólanna fyrir elsta árgang leikskólabarna í öllum leikskólum Breiðholts, Íþróttaskóli ÍR fyrir 2-5 ára börn, Fótboltaskóli Leiknis fyrir 2-5 ára börn og sundnámskeið Ægis fyrir börn á leikskólaaldri verði áfram hluti af íþróttá- og tónstundaframboði í hverfinu með áherslu á hreyfifærni, tengsl foreldra og barna og íslensku.
- 4) Tónlistar-, dans-, og listnámsframboð fyrir þennan aldurshóp verði aukið í markvisst í hverfinu með áherslu á sköpunarhæfni, hreyfifærni, tengsl foreldra og barna og íslensku.
- 5) Unnið verður markvisst að því að auka samstarf leikskóla og íþróttá- og frístundaðila.

Kynning (leikskólaaldur):

- 1) Móttökuáætlun í leikskólum.
- 2) Foreldrafundir leikskólanna.
- 3) Samfélagsmiðlar og heimasíður íþróttá- og frístundaaðila.
- 4) Fulltrúar þjóða eða svæða kynna íþróttá- og frístundamöguleika meðal landa sinna.

Grunnskólaaldur:

Aðrar aðgerðir (grunnskólaaldur):

- 1) Starfsemi grunnskóla, frístundaheimila og félagsmiðstöðva verði nýtt með markvissum hætti til tengslamyndunar, íslenskunáms og samfélagslegrar aðlögunar.
- 2) Íþróttá- og frístundastarf verði nýtt með markvissum hætti til tengslamyndunar, íslenskunáms og samfélagslegrar aðlögunar.
- 3) Stuðningsfjölskyldur aðstoði nýjar fjölskyldur við aðlögun í hverfinu.
- 4) Fjölbreytni íþróttá- og frístundastarfs í hverfinu verði aukin.
- 5) Faglegt íþróttá- og frístundastarf aukið.
- 6) Íþróttastarf án áherslu á keppni verði efti í hverfinu.
- 7) Daglegum skipulögðum hreyfistundum verði komið á í öllum grunnskólum hverfisins á tímabilinu.
- 8) Íþróttá- og frístundatenglar verði ráðnir í alla grunnskóla hverfisins til aðstoðar nemendum við val og fyrstu skrefin í þátttöku í íþróttá- og frístundastarfi.
- 9) Íþróttá- og frístundastarfi yngsta stigs grunnskóla skal lokið kl. 17:00 á virkum dögum.
- 10) Áframhaldandi þjónusta þjónustumiðstöðvar verði í boði fyrir börn frá fjölskyldum sem eiga í miklum fjárhagsvanda í formi verkefnisins „Jói og Baunagrasíð“.
- 11) Foreldrar, börn, starfsfólk skóla, stofnana og félaga skulu tvisvar á ári fá kynningu á gildi þess fyrir

börn að taka þátt í íþrótt- og frístundastarfi á Íslandi.

12) Þjálfarar og leiðbeinendur í íþrótt- og frístundastarfi verður boðið árlega á námskeið um menningarnæmi og gildi faglegrar móttöku og umgengnisháttu við iðkendur/páttakendur með fjölbreyttan bakgrunn.

13) Leitast verður við að ráða þjálfara og leiðbeinendur af erlendum uppruna inn í íþrótt- og frístundafélög og stofnanir til að auðvelda þátttöku og aðlögun barna með fjölbreyttan bakgrunn.

14) Félagsheimili íþrótt- og frístundaaðila verði opin fyrir foreldra til að hittast og þeir hvattir til þátttöku í sjálfboðaliðastarfi.

15) Íþrótt- og menningarviðburðum verði komið á fót á hverfisgrunni. Fjöldaþátttökuvíðburðir þar sem allir þáttakendur hafa hlutverk og fá tækifæri til að leggja sitt að mörkum. Hverfismót eða sýningar í íþróttum, danssýningar, tónleikar, leiksýningar, hæfileikakeppnir, þjóðahátíðir, fjölmenningsháttíðir, ofl.

Kynning íþrótt- og frístundastarfs (grunnskólaaldur):

1) Velkomin í hverfið þitt/móttökuáætlun í grunnskólum.

2) Kennrar/starfsfólk grunnskólanna sé upplýst um íþrótt- og frístundaframboð og kynni og hvetji nemendur til þátttöku.

3) Foreldravíðtöl í grunnskólum verði nýtt til kynningar á íþróttum og frístundum.

4) Foreldrafundir bekkja og árganga í grunnskólum verði nýttir til kynningar á íþróttum og frístundum.

5) Verkefnavinna í grunnskólum tengd íþrótt- og frístundastarfi á haustin ýti undir þátttöku.

6) Unglingar af erlendum uppruna verða þjálfaðir í að kynna löndum sýnum íþrótt- og frístundastarfið í hverfinu.

7) Reglulegar kynningar á íþrótt- og frístundastarfi á vettvangi trúfélaga, móðurmálsskóla, þjóðafélaga o.fl.

8) Reglulegar kynningar á íþrótt- og frístundastarfi í hverfisblöðum, á Mentor, Facebook, vefsíðum, í grunnskólum og með öðrum hætti sem nær til nemenda og foreldra.

9) Samstarf verði haft við foreldrafélög grunnskólanna um kynningar á íþrótt- og frístundastarfi.

10) Íþrótt- og frístundamessa Breiðholts, kynningarhátíð haldir í ágúst mánuði þar sem allt íþrótt- og frístundastarf í Breiðholti verður kynnt á einum stað með möguleika til að prófa, spyra og skrá sig til þátttöku. Nemendum allra grunnskólanna í hverfinu verður gert kleift að mæta á skólatíma á messuna.

11) Faglegu íþrótt- og frístundastarfi hampað markvisst utan hverfis sem innan.

Framhaldsskólaaldur:

Aðgerðir (framhaldsskólaaldur):

1) Leitað verður eftir samstarfi við Fjölbautarskólann í Breiðholti (FB) um að í starfsemi hans verði með markvissum hætti unnið að tengslamyndun, íslenskunámi og samfélagslegri aðlögun nemenda með sérstakri áherslu á nemendur af erlendum uppruna.

2) Félagslíf nemenda taki mið af markmiðum um tengslamyndun.

3) Íþróttastarf án áherslu á keppni verði eflt í hverfinu og í FB.

4) Keppnis- og afreksíþróttastarf verði eflt í hverfinu og í FB.

5) Fjölbreytni íþrótt- og frístundastarfs í hverfinu verði aukin.

6) Íslenskar stuðningsfjölskyldur aðstoði nýjar fjölskyldur við aðlögun í hverfinu.

7) Áframhaldandi þjónusta þjónustumiðstöðvar verði í boði fyrir ungmanni frá fjölskyldum sem eiga í miklum fjárhagsvanda í formi verkefnisins „Jói og Baunagrasíð“.

8) Foreldrar, ungmanni, starfsfólk skóla, stofnana og félaga skulu tvísvar á ári fá kynningu á gildi þess að taka þátt í íþrótt- og frístundastarfi á Íslandi.

- 9) Þjálfarar og leiðbeinendur í íþróttá- og frístundastarfi verður boðið árlega á námskeið um menningarnæmi og gildi faglegrar móttöku og umgengnishátta við iðkendur/þátttakendur með fjölbreyttan bakgrunn.
- 10) Leitast verður við að ráða þjálfara og leiðbeinendur af erlendum uppruna inn í íþróttá- og frístundafélög og stofnanir til að auðvelda þáttöku og aðlögun barna með fjölbreyttan bakgrunn.
- 11) Félagsheimili íþróttá- og frístundaaðila verði opin fyrir foreldra til að hittast og þeir hvattir til þáttöku í sjálfboðaliðastarfi.
- 12) Íþróttá- og menningarviðburðum verði komið á fót á hverfisgrunni. Fjöldapáttökuvíðburðir þar sem allir þátttakendur hafa hlutverk og fá tækifæri til að leggja sitt að mörkum. Hverfismót eða sýningar í íþróttum, danssýningar, tónleikar, leiksýningar, hæfileikakeppnir, þjóðahátíðir, fjölmennigarhátíðir, ofl.

Kynning (framhaldsskólaaldur):

- 1) Velkomin í hverfið þitt/móttökuáætlun í framhaldsskóla.
- 2) Kennrar/starfsfólk FB sé upplýst um íþróttá- og frístundaframboð og kynni og hvetji nemendur til þáttöku.
- 3) Foreldravíðtöl í FB nýtt til kynningar.
- 4) Foreldrafundir í FB nýtt til kynningar.
- 5) Unglingar af erlendum uppruna þjálfaðir í að kynna löndum sínum íþróttá- og frístundastarfið í hverfinu.
- 6) Reglulegar kynningar á íþróttá- og frístundastarfi á vettvangi trúfélaga, móðurmálsskóla, þjóðafélaga o.fl.
- 7) Reglulegar kynningar á íþróttá- og frístundastarfi í hverfisblöðum, Facebook, vefsíðum FB og með öðrum hætti sem nær til nemenda og foreldra.
- 8) Íþróttá- og frístundamessa Breiðholts, kynningarhátíð haldin í ágúst mánuði þar sem allt íþróttá- og frístundastarf í Breiðholti verður kynnt á einum stað með möguleika til að prófa, spyrja og skrá sig til þáttöku. Nemendum á framhaldsskólaaldri í hverfinu verður gert kleift að mæta á skólatíma á messuna.

Foreldrar barna að 18 ára aldri:

Aðgerðir:

- 1) Sérstök áhersla verður lögð á íslenskunám og tengslamyndun foreldra af erlendum uppruna.
- 2) „Velkomin í hverfið þitt“ verkefnið verði nýtt sem fyrsta skref fyrir nýjar fjölskyldur af erlendum uppruna til að mynda tengsl í hverfinu.
- 3) Fulltrúar þjóða eða svæða verða nýttir til tengslamyndunar og kynningarstarfa um íslenskt samfélag á meðal samlanda sinna og þar með foreldra.
- 4) Íslenskar stuðningsfjölskyldur aðstoði nýjar fjölskyldur við aðlögun í hverfinu.
- 5) Fjölskyldumiðstöð í Gerðubergi verði opin fyrir foreldra og fjölskyldur til upplýsingagjafar, tengslamyndunar og samfélagslegrar aðlögunar.
- 6) Fyrirtæki og stofnanir í Breiðholti verði hvött til að styrkja starfsmenn sína af erlendum uppruna til íslenskunáms.
- 7) Almennum upplýsingum stofnana og einkaaðila til foreldra verði komið á framfæri á nokkrum tungumálum eftir því sem við verður komið.
- 8) Sjálfboðaliðastarf af ýmsu tagi í hverfinu verði kynnt fyrir foreldrum af erlendum uppruna og möguleikar tengslamyndunar og aðlögunar í gegnum slíkt starf.
- 9) Sóst verður eftir framlagi foreldra af erlendum uppruna við að koma á fót menningarviðburðum á hverfisgrunni sem lýsi fjölbreytilegum bakgrunni íbúanna s.s. hverfismót eða sýningar í íþróttum,

danssýningar, tónleikar, leiksýningar, hæfileikakeppnir, þjóðahátiðir, fjölmennningarhátiðir, ofl.

Endurmat og rannsóknir:

Leitað hefur verið eftir samstarfi við fræðimenn í háskólasamféluginu í samvinnu við sérfræðinga Reykjavíkurborgar á sviði rannsókna og tölfraði um rannsóknir á upphafsstöðu og til að mæla árangur og aðra þætti starfsins til langstíma. Eftifarandi mælingar og tölur verða nýttar til að meta árangur af verkefninu:

- 1) Þátttökutölur í íþrótt- og frístundaverkefnum.
- 2) Viðhorfskannanir/ánægjukannanir meðal nemenda, foreldra og starfsmanna.
- 3) Lýðheilsuvísar.
- 4) Áhrif íþrótt- og frístundaþáttöku á skólagöngu, vinnu, félagsskap, tryggð/vináttu og lífsgæði hjá bæði iökendum og sjálfboðaliðum.
- 5) Tölfraði Reykjavíkurborgar.
- 6) Niðurstöður úr árlegum unglingaránnsóknum R og G.
- 7) Nýting frístundakorts.

Fjármögnun:

Lagt er til að upphæð sambærileg þeirri sem hverfið verður af vegna lágrar hlutfallsnýtingar frístundakortsins, auk viðbótarfjármagns, verði úthlutað til þjónustumiðstöðvar Breiðholts og nýtt til að greiða niður íþrótt- og frístundastarfsemi í hverfinu þar sem þörfin er mest. Nánar um það hér:

- 1) Miðað er við að upphæð sem nemur frístundakortinu (kr. 50.000) nægi foreldrum til að greiða fyrir þátttöku barna í 1.-2. bekk í verkefninu í Breiðholti á haust og vorönn. Framlag með hverju barni í (tvær annir) verði með 30.000 kr. viðbótarframlaginu samtals kr. 80.000 sem skiptist svo á milli þeirra íþrótt- og frístundaaðila sem þjónusta barnið.
- 2) Lýðheilsusjóður hefur þegar afgreitt styrkbeiðni kr. 1.000.000 til verkefnisins.
- 3) Sótt verður um styrki til verkefnisins hjá sjóðum og opinberum aðilum hér á landi sem erlendis.
- 4) Skipulag þátttökuskráninga í verkefnið verður unnið í samráði við samstarfsaðila (íþrótt og frístundaaðila) en þjónustumiðstöð Breiðholts hefur umsjón og eftirlit með skráningum auk útdelingar aukaframlags.

Fjárhagsáætlun 2020:

Gjöld:

Þjálfun/menntun leiðbeinanda	1.000.000
Íþrótt- og frístundastarf 1.-2. bekk/aukafram.	9.000.000
Íþrótt- og frístundatenglar grunnskólanna	2.500.000
Íþrótt- og frístundarútan	1.250.000
Íþróttaverkefni leikskólanna	1.050.000
Sjóður fyrir efnaminni fjölskyldur	1.000.000
Styrktarsjóður sjálfboðaliðafélaga	2.500.000
Kynningarmál	2.000.000

<u>Ýmislegt</u>	1.000.000
Samtals	21.300.000

Tekjur:

Fjárveiting borgarsjóðs	20.3000.000
<u>Lýðheilsusjóður styrkur</u>	1.000.000
Samtals	21.300.000

Fjárhagsáætlun 2021

Gjöld:

Þjálfun/menntun leiðbeinenda	2.000.000
Íþrótt- og frístundastarf 1.-2. bekk/aukafram.	18.000.000
Íþrótt- og frístundatenglar grunnskólanna	5.000.000
Íþrótt- og frístundarútan	2.500.000
Íþróttaverkefni leikskólanna	2.100.000
Sjóður fyrir efnaminni fjölskyldur	1.000.000
Styrktarsjóður sjálfboðaliðafélaga	5.000.000
Kynningarmál	2.000.000
<u>Ýmislegt</u>	1.000.000
Samtals	38.600.000

Tekjur:

Fjárveiting borgarsjóðs	37.600.000
<u>Lýðheilsusjóður styrkur</u>	1.000.000
Samtals	38.600.00

